4. gr.

Þessum viðbótarsamningi má segja upp í samræmi við ákvæði 16. gr. samnings um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs. Verði samningnum sagt upp fellur viðbótarsamningur þessi sjálfkrafa úr gildi.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Ósló hinn 13. maí 19987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

10. október 1989 Nr. 13

AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar.

Hinn 18. september 1989 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um aðild Íslands að Norðurlandasamningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar, ásamt breytingu á samningnum frá 27. ágúst 1987, að því er varðar hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, gleraugnafræðinga, röntgentækna, ljósmæður, sjúkraliða, iðjuþjálfa, lyfjatækna og dýralækna. Samningurinn er birtur í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, sbr. auglýsingu nr. 11/1983.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

10. október 1989 Nr. 14

AUGLÝSING

um samning um að tilkynna án tafar um kjarnorkuslys.

Hinn 27. september 1989 var framkvæmdastjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um að tilkynna án tafar um kjarnorkuslys sem lagður var fram til undirritunar í Vín 26. september 1986. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag með fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn öðlast gildi 28. október 1989 að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um að tilkynna án tafar um kjarnorkuslys

Aðildarríki samnings þessa,

sem er ljóst að í mörgum ríkjum fer fram starfsemi þar sem kjarnorka er nýtt,

sem veita því athygli að víðtækar ráðstafanir hafa verið og eru gerðar til að gera nýtingu kjarnorku sem hættuminnsta, sem beinast að því að koma í veg fyrir kjarnorkuslys og draga sem mest úr afleiðingum þeirra ef þau koma fyrir,

sem vilja styrkja frekari alþjóðasamvinnu til hættulausrar beislunar og nýtingar kjarnorku,

sem eru þess fullviss að nauðsynlegt sé að ríki veiti án tafar viðeigandi upplýsingar um kjarnorkuslys til að draga megi sem mest úr áhrifum geislunar sem berst milli landa,

sem veita athygli gagnsemi tvíhliða og fjölhliða samningstilhögunar um upplýsingaskipti á þessu sviði,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Gildissvið

1. Samningur þessi skal gilda um hvert það slys sem við kemur aðstöðu eða starfsemi aðildarríkis eða manna eða lögpersóna innan lögsögu þess eða yfirráða, sbr. 2. tl., sem veldur eða líklegt er að valdi losun geislavirkra efna, og sem hefur eða getur haft þær afleiðingar að efni berist milli landa sem kynnu að hafa þýðingu á sviði geislavarna fyrir annað ríki.

2. Aðstaða sú og starfsemi, sem í 1. tl. segir, er þessi:

(a) kjarnorkuofnar, án tillits til staðsetningar;

(b) öll aðstaða til framleiðslu á kjarnorkueldsneyti;

(c) öll aðstaða til meðferðar á kjarnorkuúrgangi;

(d) flutningur og geymsla á kjarnorkueldsneyti og kjarnorkuúrgangi;

(e) framleiðsla, notkun, geymsla, förgun og flutningur á geislavirkum samsætum ætluðum til landbúnaðar, iðnaðar eða lækninga, eða skyldrar vísinda- og rannsóknastarfsemi;

CONVENTION
on Early Notification of a Nuclear Accident

The States Parties to this Convention,

Aware that nuclear activities are being carried out in a number of States,

Noting that comprehensive measures have been and are being taken to ensure a high level of safety in nuclear activities, aimed at preventing nuclear accidents and minimizing the consequences of any such accident, should it occur,

Desiring to strengthen further international co-operation in the safe development and use of nuclear energy,

Convinced of the need for States to provide relevant information about nuclear accidents as early as possible in order that transboundary radiological consequences can be minimized,

Noting the usefulness of bilateral and multilateral arrangements on information exchange in this area,

Have agreed as follows:

Article 1
Scope of application

1. This Convention shall apply in the event of any accident involving facilities of a State Party or of persons or legal entities under its jurisdiction or control, referred to in paragraph 2 below, from which a release of radioactive material occurs or is likely to occur and which has resulted or may result in an international transboundary release that could be of radiological safety significance for another State.

2. The facilities and activities referred to in paragraph 1 are the following:

(a) any nuclear reactor wherever located;

(b) any nuclear fuel cycle facility;

(c) any radioactive waste management facility;

(d) the transport and storage of nuclear fuels or radioactive wastes;

(e) the manufacture, use, storage, disposal and transport of radioisotopes for agricultural, industrial, medical and related scientific and research purposes; and

(f) notkun á geislavirkum samsætum til orkuframleiðslu í hlutum úti í himingeimnum.

2. gr.
Tilkynning og upplýsingar

Ef slys verður, sem í 1. gr. segir (sem hér á eftir er nefnt „kjarnorkuslys"), skal aðildarríki það sem í hlut á:

(a) tilkynna þegar, beint eða fyrir milligöngu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (sem hér á eftir er nefnd „stofnunin"), þeim ríkjum sem verða eða kunna að verða fyrir efnislegum áhrifum eins og tilgreint er í 1. gr., svo og stofnuninni, um kjarnorkuslysið, eðli þess, hvenær það varð, og nákvæma staðsetningu þess þar sem við á; og

(b) þegar veita ríkjum þeim sem í a-lið segir, beint eða fyrir milligöngu stofnunarinnar, svo og stofnuninni, þær upplýsingar sem fyrir hendi eru og skipta máli til að draga sem mest úr afleiðingum geislavirkni þar, eins og í 5. gr. segir.

3. gr.
Önnur kjarnorkuslys

Til að draga sem mest úr afleiðingum geislavirkni geta aðildarríkin tilkynnt um önnur kjarnorkuslys en þau sem tilgreind eru í 1. gr.

4. gr.
Skyldur stofnunarinnar

Stofnunin skal:

(a) þegar skýra aðildarríkjum að samningnum og stofnuninni, öðrum ríkjum sem verða eða kunna að verða fyrir efnislegum áhrifum eins og tilgreint er 1. gr., svo og viðkomandi alþjóðlegum milliríkjastofnunum (sem hér á eftir eru nefndar „alþjóðastofnanir"), frá tilkynningu sem móttekin er samkvæmt a-lið 2. gr.; og

(b) þegar veita hverju því aðildarríki að samningnum eða stofnuninni, eða viðkomandi alþjóðastofnun, upplýsingar þær sem mótteknar eru samkvæmt b-lið 2. gr., er þeirra er óskað.

5. gr.
Upplýsingar er veita skal

1. Upplýsingar þær sem veita skal samkvæmt b-lið 2. gr. skulu vera eftirfarandi, eins og þær eru þá tiltækar því aðildarríki sem tilkynnir:

(a) hvenær kjarnorkuslysið varð, nákvæma staðsetningu þess ef við á, og eðli þess;

(b) hver aðstaða sú eða starfsemi er sem um er að ræða;

(f) the use of radioisotopes for power generation in space objects.

Article 2
Notification and information

In the event of an accident specified in article 1 (hereinafter referred to as a "nuclear accident"), the State Party referred to in that article shall:

(a) forthwith notify, directly or through the International Atomic Energy Agency (hereinafter referred to as the "Agency"), those States which are or may be physically affected as specified in article 1 and the Agency of the nuclear accident, its nature, the time of its occurence and its exact location where appropriate; and

(b) promptly provide the States referred to in sub-paragraph (a), directly or through the Agency, and the Agency with such available information relevant to minimizing the radiological consequences in those States, as specified in article 5.

Article 3
Other nuclear accidents

With a view to minimizing the radiological consequences, States Parties may notify in the event of nuclear accidents other than those specified in article 1.

Article 4
Functions of the Agency

The Agency shall:

(a) forthwith inform States Parties, Member States, other States which are or may be physically affected as specified in article 1 and relevant international intergovernmental organizations (hereinafter referred to as "international organizations") of a notification received pursuant to sub-paragraph (a) of article 2; and

(b) promptly provide any State Party, Member State or relevant international organization, upon request, with the information received pursuant to sub-paragraph (b) of article 2.

Article 5
Information to be provided

1. The information to be provided pursuant to sub-paragraph (b) of article 2 shall comprise the following data as then available to the notifying State Party:

(a) the time, exact location where appropriate, and the nature of the nuclear accident;

(b) the facility or activity involved;

(c) hver sé orsök kjarnorkuslyssins, eftir því sem álitið er eða vitað, og hver fyrirsjáanleg framvinda þess verði hvað snertir losun geislavirkra efna og færslu þeirra milli landa;

(d) hver séu almenn einkenni þeirra geislavirku efna sem losnað hafa, þar á meðal líklegt eðlis- og efnafræðilegt form þeirra og magn, samsetning þeirra, og hæð sú sem áhrif þeirra ná í, eftir því sem unnt er og við á;

(e) hvernig veðri og vatnsflæði er þá háttað og hvaða breytingum er spáð, eftir því sem nauðsynlegt er til að spá fyrir um færslu geislavirkra efna milli landa;

(f) hverjar séu niðurstöður umhverfismælinga sem skipta máli varðandi færslu geislavirkra efna milli landa;

(g) hverjar varnarráðstafanir hafi verið gerðar eða eru fyrirhugaðar utan slysstaðar;

(h) hvernig þeirra geislavirku efna sem losnað hafa muni fyrirsjáanlega gæta síðar meir.

2. Við upplýsingar þessar skal með hæfilegum fresti bætt frekari upplýsingum sem máli skipta um framvindu neyðarástandsins, þar á meðal um lok þess eða fyrirsjáanleg lok.

3. Upplýsingar sem mótteknar eru samkvæmt b-lið 2. gr. má nota án takmarkana, hafi aðildarríki það sem tilkynnti ekki veitt þær í trúnaði.

(c) the assumed or established cause and the foreseeable development of the nuclear accident relevant to the transboundary release of the radioactive materials;

(d) the general characteristics of the radioactive release, including, as far as is practicable and appropriate, the nature, probable physical and chemical form and the quantity, composition and effective height of the radioactive release;

(e) information on current and forecast meteorological and hydrological conditions, necessary for forecasting the transboundary release of the radioactive materials;

(f) the result of environmental monitoring relevant to the transboundary release of the radioactive materials;

(g) the off-site protective measures taken or planned;

(h) the predicted behaviour over time of the radioactive release.

2. Such information shall be supplemented at appropriate intervals by further relevant information on the development of the emergency situation, including its foreseeable or actual termination.

3. Information received pursuant to sub-paragraph (b) of article 2 may be used without restriction, except when such information is provided in confidence by the notifying State Party.

6. gr.

Samráð

Aðildarríki sem veitir upplýsingar samkvæmt b-lið 2. gr. skal þegar, að því marki sem gerlegt er án erfiðleika, svara beiðni um frekari upplýsingar eða samráð sem aðildarríki er verður fyrir tjóni óskar eftir til að draga eins og kostur er úr afleiðingum geislavirkni þar.

Article 6

Consultations

A State Party providing information pursuant to sub-paragraph (b) of article 2 shall, as far as is reasonably practicable, respond promptly to a request for further information or consultations sought by an affected State Party with a view to minimizing the radiological consequences in that State.

7. gr.

Lögbær stjórnvöld og samskiptastöðvar

1. Hvert aðildarríki skal skýra stofnuninni og öðrum aðildarríkjum, beint eða fyrir milligöngu stofnunarinnar, frá lögbærum stjórnvöldum sínum og samskiptastöð sem falið er að senda og taka á móti tilkynningu og upplýsingum samkvæmt 2. gr. Slíkar samskiptastöðvar, svo og samskiptamiðstöð innan stofnunarinnar, skulu ávallt vera til taks.

2. Hvert aðildarríki skal þegar skýra stofnuninni frá öllum breytingum er verða kunna á upplýsingum þeim sem í 1. tl. greinir.

Article 7

Competent authorities and point of contact

1. Each State Party shall make known to the Agency and to other States Parties, directly or through the Agency, its competent authorities and point of contact responsible for issuing and receiving the notification and information referred to in article 2. Such points of contact and a focal point within the Agency shall be available continuously.

2. Each State Party shall promptly inform the Agency of any changes that may occur in the information referred to in paragraph 1.

3. Stofnunin skal halda uppfærða skrá um slík lögbær stjórnvöld og samskiptastöðvar í hverju landi, svo og um samskiptastöðvar viðkomandi alþjóðastofnana, og afhenda hana aðildarríkjum samningsins og stofnunarinnar, svo og viðkomandi alþjóðastofnunum.

3. The Agency shall maintain an up-to-date list of such national authorities and points of contact as well as points of contact of relevant international organizations and shall provide it to States Parties and Member States and to relevant international organizations.

8. gr.
Aðstoð við aðildarríki

Í samræmi við stofnskrá sína og samkvæmt beiðni aðildarríkis sem ekki nýtir kjarnorku sjálft en á landamæri að ríki sem nýtir kjarnorku en ekki er aðildarríki skal stofnunin hafa á hendi athuganir á því hvort æskilegt sé að koma á viðeigandi kerfi til að fylgjast með geislavirkni og á uppsetningu slíks kerfis, til að greiða fyrir því að markmiðum samnings þessa verði náð.

Article 8
Assistance to States Parties

The Agency shall, in accordance with its Statute and upon a request of a State Party which does not have nuclear activities itself and borders on a State having an active nuclear programme but not Party, conduct investigations into the feasibility and establishment of an appropriate radiation monitoring system in order to facilitate the achievement of the objective of this Convention.

9. gr.
Tvíhliða og fjölhliða samningstilhögun

Til að stuðla að sameiginlegum hagsmunum sínum geta aðildarríkin hvarvetna þar sem talið er við eiga íhugað að koma á tvíhliða eða fjölhliða samningstilhögun sem lýtur að efni samnings þessa.

Article 9
Bilateral and multilateral arrangements

In furtherance of their mutual interests, States Parties may consider, where deemed appropriate, the conclusion of bilateral or multilateral arrangements relating to the subject matter of this Convention.

10. gr.
Afstaða til annarra alþjóðasamninga

Samningur þessi skal ekki hafa áhrif á gagnkvæm réttindi og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt alþjóðasamningum sem nú eru í gildi og varða málefni sem samningur þessi tekur til, eða samkvæmt alþjóðasamningum sem síðar verða gerðir í samræmi við markmið og tilgang samnings þessa.

Article 10
Relationship to other international agreements

The Convention shall not affect the reciprocal rights and obligations of States Parties under existing international agreements which relate to the matters covered by this Convention, or under future international agreements concluded in accordance with the object and purpose of this Convention.

11. gr.
Lausn deilumála

1. Nú kemur upp deila milli aðildarríkja eða milli aðildarríkis og stofnunarinnar varðandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa, og skulu deiluaðilar þá ráðgast við í því skyni að leysa hana með samningaviðræðum eða með einhverri annarri friðsamlegri aðferð sem þeir sætta sig við.

2. Ef deila aðildarríkja af þessu tagi verður ekki leyst innan árs frá því er viðræðna var óskað samkvæmt 1. tl. skal hún að ósk einhvers aðila að henni lögð í gerð eða falin Alþjóðadómstólnum til ákvörðunar. Nú er deila lögð í gerð og aðilar geta ekki er sex mánuðir eru liðnir frá því er þess var óskað komið sér saman um tilhögun hennar, og getur deiluaðili þá farið þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að hann tilnefni einn eða

Article 11
Settlement of disputes

1. In the event of a dispute between States Parties, or between a State Party and the Agency, concerning the interpretation or application of this Convention, the parties to the dispute shall consult with a view to the settlement of the dispute by negotiation or by any other peaceful means of settling disputes acceptable to them.

2. If a dispute of this character between States Parties cannot be settled within one year from the request for consultation pursuant to paragraph 1, it shall, at the request of any party to such dispute, be submitted to arbitration or referred to the International Court of Justice for decision. Where a dispute is submitted to arbitration, if, within six months from the date of the request, the parties to the dispute are unable to agree on the organization of the arbitration, a party may request the

fleiri gerðardómsmenn. Ef óskum deiluaðila ber ekki saman skal sú beiðni ráða sem send er aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

3. Er ríki undirritar, fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan, eða gerist aðili að honum, getur það lýst því yfir að það telji sér óskylt að hlíta öðrum eða báðum þeim meðferðarháttum til lausnar deilumála sem kveðið er á um í 2. tl. Öðrum aðildarríkjum er ekki skylt að hlíta meðferðarhætti til lausnar deilumála sem kveðið er á um í 2. tl. gagnvart aðildarríki sem slík yfirlýsing gildir um.

4. Aðildarríki sem gefið hefur út yfirlýsingu samkvæmt 3. tl. getur hvenær sem er afturkallað hana með tilkynningu til vörsluaðila.

President of the International Court of Justice or the Secretary-General of the United Nations to appoint one or more arbitrators. In cases of conflicting requests by the parties to the dispute, the request to the Secretary-General of the United Nations shall have priority.

3. When signing, ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, a State may declare that it does not consider itself bound by either or both of the dispute settlement procedures provided for in paragraph 2. The other States Parties shall not be bound by a dispute settlement procedure provided for in paragaph 2 with respect to a State Party for which such a declaration is in force.

4. A State Party which has made a declaration in accordance with paragraph 3 may at any time withdraw it by notification to the depositary.

12. gr.
Gildistaka

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja, og Namibíu, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna er fulltrúi fyrir, í aðalstöðvum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vínarborg frá 26. september 1986 að telja, og í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 6. október 1986 að telja, þar til hann öðlast gildi eða í tólf mánuði, eftir því hvort tímabilið er lengra.

2. Ríki eða Namibía, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna er fulltrúi fyrir, getur lýst yfir samþykki sínu við að vera bundið samningi þessum annaðhvort með undirritun eða með afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjals eftir undirritun sem háð er fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt, eða með afhendingu aðildarskjals. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- og aðildarskjöl skal fela vörsluaðila til varðveislu.

3. Samningur þessi skal öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að þrjú ríki hafa lýst yfir samþykki sínu við að vera bundin honum.

4. Gagnvart hverju því ríki sem eftir gildistöku samnings þessa lýsir yfir samþykki sínu við að vera bundið honum skal hann öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að samþykki er lýst.

5. (a) Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar, á þann hátt sem í grein þessari segir, af hálfu alþjóðastofnana og svæðisstofnana fullvalda ríkja, sem bærar eru til að leita samninga og gera og framkvæma samninga um mál sem samningur þessi tekur til.

Article 12
Entry into force

1. This Convention shall be open for signature by all States and Namibia, represented by the United Nations Council for Namibia, at the Headquarters of the International Atomic Energy Agency in Vienna and at the Headquarters of the United Nations in New York, from 26 September 1986 and 6 October 1986 respectively, until its entry into force or for twelve months, whichever period is longer.

2. A State and Namibia, represented by the United Nations Council for Namibia, may express its consent to be bound by this Convention either by signature, or by deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval following signature made subject to ratification, acceptance or approval, or by deposit of an instrument of accession. The instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the depositary.

3. This Convention shall enter into force thirty days after consent to be bound has been expressed by three States.

4. For each State expressing consent to be bound by this Convention after its entry into force, this Convention shall enter into force for that State thirty days after the date of expression of consent.

5. (a) This Convention shall be open for accession, as provided for in this article, by international organizations and regional integration organizations constituted by sovereign States, which have competence in respect of the negotiation, conclusion and application of international agreements in matters covered by this Convention.

(b) Í málum sem falla undir starfssvið þeirra skulu slíkar stofnanir beita réttindum og sinna skyldum aðildarríkja samkvæmt samningi þessum í eigin nafni.

(c) Er slík stofnun leggur fram aðildarskjal sitt skal hún senda vörsluaðila yfirlýsingu þar sem tilgreind eru valdmörk hennar í málum sem samningur þessi tekur til.

(d) Slík stofnun skal ekki hafa atkvæðisrétt umfram þann sem veittur er aðildarríkjum hennar.

13. gr.

Framkvæmd til bráðabirgða

Er ríki undirritar samning þennan, eða hvenær sem er síðar áður en samningur þessi öðlast gildi gagnvart því, getur það lýst því yfir að það muni framfylgja samningi þessum til bráðabirgða.

14. gr.

Breytingar

1. Ríki getur lagt til breytingar á samningi þessum. Breytingartillögu skal senda vörsluaðila, sem þegar skal framsenda hana öllum öðrum aðildarríkjum.

2. Ef meiri hluti aðildarríkja óskar þess við vörsluaðila að hann kalli saman ráðstefnu til að fjalla um fram komnar breytingartillögur skal hann bjóða þeim öllum til slíkrar ráðstefnu, er hefjist eigi fyrr en þrjátíu dögum eftir að boð til hennar eru send. Breytingu sem samþykkt er á ráðstefnunni með meiri hluta tveggja þriðju hluta allra aðildarríkja skal rita í bókun, sem liggja skal frammi til undirritunar af hálfu allra aðildarríkja í Vínarborg og New York.

3. Bókun skal öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að þrjú ríki hafa lýst yfir samþykki sínu við að vera bundin henni. Gagnvart hverju því ríki sem lýsir yfir samþykki sínu við að vera bundið henni eftir að hún hefur öðlast gildi skal hún öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að samþykki er lýst.

15. gr.

Uppsögn

1. Aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Uppsögn skal öðlast gildi er eitt ár er liðið frá þeim degi er vörsluaðili tók við tilkynningunni.

(b) In matters within their competence such organizations shall, on their own behalf, exercise the rights and fulfil the obligations which this Convention attributes to States Parties.

(c) When depositing its instrument of accession, such an organization shall communicate to the depositary a declaration indicating the extent of its competence in respect of matters covered by this Convention.

(d) Such an organization shall not hold any vote additional to those of its Member States.

Article 13

Provisional application

A State may, upon signature or at any later date before this Convention enters into force for it, declare that it will apply this Convention provisionally.

Article 14

Amendments

1. A State Party may propose amendments to this Convention. The proposed amendment shall be submitted to the depositary who shall circulate it immediately to all other States Parties.

2. If a majority of the States Parties request the depositary to convene a conference to consider the proposed amendments, the depositary shall invite all States Parties to attend such a conference to begin not sooner than thirty days after the invitations are issued. Any amendment adopted at the conference by a two-thirds majority of all States Parties shall be laid down in a protocol which is open to signature in Vienna and New York by all States Parties.

3. The protocol shall enter into force thirty days after consent to be bound has been expressed by three States. For each State expressing consent to be bound by the protocol after its entry into force, the protocol shall enter into force for that State thirty days after the date of expression of consent.

Article 15

Denunciation

1. A State Party may denounce this Convention by written notification to the depositary.

2. Denunciation shall take effect one year following the date on which the notification is received by the depositary.

16. gr.
Vörsluaðili

1. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal vera vörsluaðili samnings þessa.

2. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal þegar skýra aðildarríkjum og öllum öðrum ríkjum frá:

(a) hverri undirritun samnings þessa eða breytingarbókunar;

(b) hverri afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjals sem varðar samning þennan eða bókun;

(c) hverri yfirlýsingu eða afturköllun yfirlýsingar samkvæmt 11. gr.;

(d) hverri yfirlýsingu um framkvæmd samnings þessa til bráðabirgða samkvæmt 13. gr.;

(e) gildistöku samnings þessa og hverrar breytingar á honum; og

(f) hverri uppsögn samkvæmt 15. gr.

17. gr.
Gildir textar og staðfest afrit

Frumrit samnings þessa, en arabískur, kínverskur, enskur, franskur, rússneskur og spánskur texti hans eru jafngildir, skal fela framkvæmdastjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar til varðveislu, en hann skal senda staðfest afrit aðildarríkjum og öllum öðrum ríkjum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan, sem liggur frammi til undirritunar eins og mælt er fyrir um í 1. tl. 12. gr.

SAMÞYKKT á þingi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar á sérstökum fundi þess í Vínarborg 26. september 1986.

Article 16
Depositary

1. The Director General of the Agency shall be the depositary of this Convention.

2. The Director General of the Agency shall promptly notify States Parties and all other States of:

(a) each signature of this Convention or any protocol of amendment;

(b) each deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession concerning this Convention or any protocol of amendment;

(c) any declaration or withdrawal thereof in accordance with article 11;

(d) any declaration of provisional application of this Convention in accordance with article 13;

(e) the entry into force of this Convention and of any amendment thereto; and

(f) any denunciation made under article 15.

Article 17
Authentic texts and certified copies

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Director General of the International Atomic Energy Agency who shall send certified copies to States Parties and all other States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized, have signed this Convention, open for signature as provided for in paragraph 1 of article 12.

ADOPTED by the General Conference of the International Atomic Energy Agency meeting in special session at Vienna on the twenty-sixth day of September one thousand nine hundred and eighty-six.